

## **Umsagnir / athugasemdir (1)**

- **Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja**

Jón Trausti Jónsson

Umsögn birt **4.12.2025**

Við uppbyggingu á reitnum er ljóst að fjarlægja þarf byggingar. Bent er á niðurrif bygginga er skráningaskyld starfsemi samkvæmt rg. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Embættið hefur á undanförunum misserum bent á vankanta í fráveitu sveitarfélagsins sem og gagnaskilum þar um. Nú liggur hinsvegar fyrir úrbóta- og aðgerðaráætlun fyrir fráveitu sveitarfélagsins dagsett 26. júní 2025 sem embættið hefur samþykkt. Úrbóta- og aðgerðaráætlun var lögð fyrir Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar þann 11. júlí 2025 og fór afgreiðsla fram án athugasemda. Embættið leggur ríka áherslu á að markvisst sé unnið eftir aðgerðaráætluninni og tímamörk sem lögð eru fram í áætluninni standist svo markmiðum um hreinsun skólps í samræmi við rg. 798/1999 um fráveitur og skólp verði mætt.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti sem helst eiga við starfssvið embættisins varðandi breytingu aðalskipulagsins og gerir ekki frekari athugasemdir.